

SKÝRINGAR VIÐ NEYSLUVATNS- OG HITALÖGN

ALMENNT:

PÍPUSTÆRÐIR:

Pípustærðir stálröra eru í mm. Tilgreind stærð er innra þvermál.
 Ø10mm samsvarar Ø3/8" Ø32mm samsvarar Ø1 1/4"
 Ø15mm samsvarar Ø1/2" Ø40mm samsvarar Ø1 1/2"
 Ø20mm samsvarar Ø3/4" Ø50mm samsvarar Ø2"
 Ø25mm samsvarar Ø1" Ø65mm samsvarar Ø2 1/2"

Gæði röra skal samsvara rörum af þýskri gerð eða annað jafngott.

Eftirfarandi styttingar eru notaðar á teikningum um staðsetningu lagna:

Á.V. = á vegg. U.GL. = undir glugga.
 Í.E. = í einangrun. U.L. = undir lofti.
 Í.G. = í gólfrauf. U.S.P. = undir stigapalli.
 Í.V. = í veggrauf. V.G. = við gólf.
 P.N. = pípa fer niður. Y.D. = yfir dyrum.
 P.U. = pípa fer upp. Y.GL. = yfir glugga.
 U.D. = undir dyrum. Y.L. = yfir lofti (þ.e. á næstu hæð).
 U.G. = undir gólfi (þ.e. á næstu hæð).

Sjá ennfrémur skýringar í Íslenskum staðli ÍST64.

SKÝRINGAR VIÐ HITALÖGN:

EFNI:

Allar lagnir innanhúss fyrir hitalögn skulu vera svört stálror með skrúfuðum fittings nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Pípustærðir stálröra eru í mm. Tilgreind stærð er innra þvermál.

FRÁGANGUR:

Frágangur skal vera í samræmi við gildandi reglugerðir. Allar lagnir í hitakerfinu skulu vera fullakkaðar. Lagnir skal leggja þannig að eðlileg hitapensla hindrist ekki og skal setja pensluslaufur eða penslumúffur fari bein lagnalengd upp fyrir 15-20 m.

Á lögn skal setja tæmingarloka og lofttæmingarskrúfur þar sem við á.

FESTINGAR:

Festingar á lóðréttum rörum sé með mest 2m bili en upphengd rör og lárétt með mest 1,5-3 m bili, háð sverleika röra (100*þvermál rörs).

Þar sem pípur eru sýnilegar skulu festingar vera gjörð sem grípur utan um rör og skrúfist á fæti við vegg.

EINANGRUN:

Allar lagnir í hitakerfinu skal einangra með 20mm glerullarhólkum. Yfir einangrunarhólka skal sívefja með plastbandi með 50% yfirlöppun. Á steypum útveggjum skal setja 15mm þykka plasteinangrun á bak við lagnir. Lagnir í hitaklefa skal einangra eins og hægt er og vefja með plastbandi. Til aðgreiningar skal hafa rautt band fyrir heitt vatn (túr) en blátt fyrir kalt (retúr). Milli brunahólfa eiga lagnir að vera einangraðar með glerullarhólkum sem ná a.m.k. 60 cm út fyrir vegg sitt hvoru megin.

LAGNIR Í JÖRÐ:

Lagnir í jörð skal leggja á þjappað undirlag og skulu þær vera umluktar 10cm þykku sandlagi. Hitalögn skal leggjast ofar í skurði en frárennsli. Almenn eiga lagnir að leggjast í frostfria dýpt, 120 cm, en heimilt er að leggja á 90cm dýpi ef lögn liggur minna en 70cm frá upphituðu húsi eða undir snjóbræðslulögn.

Efni í heitavatnsheimæð skal vera úr o32 galv. stálróri sem er einangrað og í plasthlífðarkápu sem þoli a.m.k. 10 kg/cm² þrýsting. Tengilagnir á milli húsa skulu einnig einangraðar og í plasthlífðarkápu.

TÁKNSKÝRINGAR:

———— Tákna framrás (túr)
 - - - - - Tákna bakrás (retúr)

SKÝRINGAR VIÐ OFNA:

ALMENNT:

Ætlast er til að ofnar séu ekki framleiddir fyrr en lögð hefur verið fram ofnaskrá frá hönnuði þar sem tilgreindir ofnar í ofnaskrá eru þeir ofnar sem ákveðið er að nota.

VARMATAP HÚSS:

Við varmatapsútreikning er miðað við eftirfarandi lágmarkseinangrunarþykktir:
 Undir gólfi: 75mm
 Steyptir útveggir: 75mm
 Timbur útveggir: 150mm
 Þak: 200mm
 Gluggar: 2-Gler

OFNASTÆRÐIR:

Á svæðum með hitaveitu eða fjarvarmaveitu eru ofnastærðir reiknaðar miðað við 60°C meðalhita á ofnum, delta T=40°C.
 Skráð nauðsynleg varmaþörf í ofnaskrá er miðuð við delta T=40°C.

OFNFESTINGAR:

Ofnframleiðandi skal leggja til ofnfestingar Gerð veggfestinga skal vera í samráði við verkkaupa. Festingar í einangraðan útvegg skulu ná út í steypant vegg (rör með rauf sem passi fyrir "eyru" á ofnum). Festingar í létta vegg skulu vera járn sem skrúfist á vegginn. Ef ofnar eru með gólfaffalafestingu skulu "eyru" ekki vera á ofnum.

STAÐSETNING OFNA:

Fjarlægð ofna frá endanlegu gólfi miðast við 10-15cm og a.m.k. 10cm frá ofni að sólbekk nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Fjarlægð ofna frá endanlegum vegg miðast við 2cm að hitaauka (konvektor) og 5cm að ofni án hitaauka.

OFNLOKAR:


Ofnlokar skulu vera af viðurkenndri gerð, Danfoss eða sambærilegt. FJVR eru retúrlökar sem stjórnast af útrenslishita vatnsins frá viðkomandi ofni. RA-2000 eru túrlökar sem stjórnast af lofthita í herbergi. Þar sem loftstreymi við sjálfa lokanna er hindrað (t.d. bak við gardínur) skal hafa hitanema tengdan lokanum. Stillitölur ofnlökanna eru uppgæfna í ofnaskrá.

STILLITÉ OG LOFT.SKRÚFUR:

Á alla ofna skal koma stillité á þann tengistúta þar sem ofnloki er ekki. Stillitéin skulu vera af viðurkenndri gerð, TA eða samsvarandi. Sverleiki stillités skal vera sami og sverleiki ofnlöka. Stillité skal stilla þannig að við fullpönn ofnlöka fari útrenslishitastig ekki upp fyrir 40°C á hitaveitusvæðum. Á öllum ofnum skulu vera lofttæmingarskrúfur af viðurkenndri gerð. Lofttæmingarskrúfurnar skulu vera þannig gerðar ekki sé hægt að opna fyrir nema með þ.t.g. lykli.

TENGINGAR:

Merking ofnstúta (séð framan á ofn):.



SKÝRINGAR VIÐ NEYSLUVATNSLÖGN:

EFNI:

Allar lagnir innanhúss fyrir heitt og kalt neysluvatn skulu vera galvanhúðuð stálror með skrúfuðum fittings nema annað sé sérstaklega tekið fram. Lagnastærðir stálröra eru í mm. Tilgreind stærð er innra þvermál.

FRÁGANGUR:

Frágangur skal vera samræmi við Íslenskan staðal ÍST67. Allar lagnir skal leggja þannig að eðlileg hitapensla hindrist ekki og skal setja pensluslaufur eða penslumúffur fari bein lagnalengd upp fyrir 15-20 m. Á lögn skal setja tæmingarloka og lofttæmingarskrúfur þar sem við á. 30 cm langa loftpúða með þvermál jafnt og sverasti hluti stofns skal setja á endalagnir og á hliðargreinar sem eru lengri en 4 m. Endi á loftpúða á að vera rafsoðinn og galvanhúðaður eða með skrúfuðu loki.

FESTINGAR:

Festingar á lóðréttum rörum sé með mest 2 m bili en upphengd rör og lárétt með mest 1,5-3 m bili, háð sverleika röra (100*þvermál rörs). Þar sem pípur eru sýnilegar skulu festingar vera gjörð sem grípur utan um rör og skrúfist á fæti við vegg.

EINANGRUN:

Allar lagnir í neysluvatnskerfinu skal einangra með minnst 15 mm einangrunarhólkum. Yfir einangrunarhólka skal sívefja með plastbandi með 50% yfirlöppun. Auk þess skal sísalpappa vafið utan um rör fyrir kalt vatn undir einangrun og skal einnig vefja með 50% yfirlöppun.

Á steypum útveggjum skal setja minns 20 mm þykka plasteinangrun á bak við lagnir.

Lagnir í hitaklefa skal einangra eins og hægt er og vefja með plastbandi. Til aðgreiningar skal hafa appelsínugult band á heitu neysluvatni en grænt á köldu. Milli brunahólfa eiga lagnir að vera einangraðar með glerullarhólkum sem ná a.m.k. 60 cm út fyrir vegg sitt hvoru megin.

LAGNIR Í JÖRÐ:

Lagnir í jörð skal leggja á þjappað undirlag og skulu þær vera umluktar 10 cm þykku sandlagi. Neysluvatnslögn skal leggja a.m.k. 30 cm ofar í skurð en frárennslislögn og a.m.k. 50 cm til hliðar við frárennslislögnina.

Almennt eiga lagnir að leggjast í frostfria dýpt, 120 cm, en heimilt er að leggja á 90 cm dýpi ef lögn liggur minna en 70 cm frá upphituðu húsi eða undir snjóbræðslulögn.


Efni í kaldavatnsheimæð skal vera úr plasti sem þoli a.m.k. 10 kg/cm² þrýsting: o40 mm PEH-plast. Tilgreind stærð er ytra þvermál í mm.

Efni í heitavatnsheimæð skal vera úr o32 galv. stálróri sem er einangrað og í plasthlífðarkápu sem þoli a.m.k. 10 kg/cm² þrýsting. Tengilagnir á milli húsa skulu einnig einangraðar og í plasthlífðarkápu.

Á vatnsheimæð komi stopploki, 1,4 m frá húsvegg, með spindli upp úr jörð. Spindillinn skal settur í o100 mm rör með loki í jarðvegshæð.

TÁKNSKÝRINGAR:

———— Tákna heitt neysluvatn
 - - - - - Tákna kalt neysluvatn



Breyting	Dags.	Nafn	LINDARBERG 84-86	Kvarði
02.02.'98 K.B.	Reiknað	K.B.		
	Teiknað	JAN.'98 K.B.		
	Yfirt.	K.B.	VATNSLÖGN OG HITALÖGN: SKÝRINGAR.	Nr.
VERKTEIKNING AUÐBREKKU 23 200 KÓPAVOGUR SÍMI 64 19 45		Kristján Björnsson Byggingatæknifr. F.T.F.Í. Kt. 051257-6349		87.3.2. 1

Kristján Björnsson